

AUGLÝSING

um söluskatt af innfluttum vörum.

A.

Af tollverði allrar innfluttrar vöru skal greiða 6% söluskatt, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði, — og tekur gjaldskyldan einnig til vara til ríkisstofnana og annarra aðila. Undanþegnar söluskattinum eru vörur þær, sem taldar eru í 2. og 3. gr. tollskrárlaganna og viðgerðir á skipum og flugvélum, svo og vörur þær, sem taldar eru undir B hér á eftir.

Í 1. málsgr. 10. gr. tollskrárlaganna segir fyrir um það, hvað sé tollverð vöru. Frá þeirri reglu gildir sú undantekning, að ekki skal telja farmgjald í tollverði sykurs, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrárinnar.

B.

Undanþegnar söluskatti eru þessar innflutningsvörur, auk þeirra, sem taldar eru í 2. og 3. gr. tollskrárlaganna:

Tollskrá		
Kafli	Nr.	
2	1—18	Flesk og annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, ót. a.
3	1—5	Fiskur, nýr, ísvarinn, frystur, þurrkaður eða reyktur.
4	1—6	Mjólk, mjólkurafurðir og ný egg.
7	1—8	Grænmeti, nýtt og þurrkað.
22	6—38	Drúfuvín, brennd vín og aðrir áfengir vökvar, ót. a.
23	2	Fóðurmjöl úr fiski og fiskúrgangi, einnig þótt í því séu jurtaefni.
	12	Blöndur af korntegundum og öðrum efnum, ót. a., sem eingöngu verða notaðar sem skepnufóður.
25	9	Borðsalt.
	10	Annað salt.
27	1	Steinkol og brúnkol.
	14	Steinólía, óhreinsuð (hráolía).
	15	Flugvélabenzín.
	17	Aðrar brennsluoliur til véla, ót. a.
	18	Smurningsoliur.
32	6	Vélaáburður og annar þvilíkur áburður úr feiti og feitum sýrum.
35	1—9	Tilbúinn áburður.
40	21	Tunnustafir, tunnubotnar og tunnusvigar úr trjáviði.
	22	Spons úr trjáviði.
	23	Siglugjarðir úr trjáviði.
	24	Annað tilsníðið tunnuefni úr trjáviði.
	26	Trékassar, hálfunnir eða tilsníðnir.
	27	Aðrir trékassar.
	28	Síldartunnur.
	46	Botnrúllur (bobbingar) úr trjáviði.
	47	Botnvörpuhlerar úr trjáviði.
41	6	Netja- og nótakorkur alls konar.
42	2	Strámottur til umbúða.
44	34	Ófóðraðir og óskreyttir pappakassar til umbúða, einnig tilsníðnir.
45	3	Dagblöð og vikublöð.

Tollskrá			
Kaffi	Nr.		
46B	1	Óspunnir nylonþræðir til netagerðar.	13
48	6	Netjagarn úr baðmull.	12. jan.
49	2	Hampur.	
	5	Netjagarn úr hör eða rami.	
	8	Netjagarn úr hampi.	
	9	Botnvörpugarn úr hampi.	
	16	Mottur til umbúða.	
	22	Umbúðastrigi úr jútu.	
50	12	Færi og línur til fiskveiða.	
	13	Öngultaumar.	
	17	Grastóg.	
	18	Kaðlar, einnig þótt í þá sé lagður málmþráður.	
	19	Fiskinet og fiskinetjaslöngur.	
	21	Netjateinungar með blýi eða korki.	
	22	Lóðabelgir.	
52	30	Fiskimjölspokar, þ. e. stórir jútupokar undir fiskimjöl.	
60	15	Netjakúlur.	
63	11	Gjarðajárn.	
	27	Vírkaðlar, einnig þótt í þeim séu spunaefnaþræðir.	
	92	Vörpujárn, „bobbingar“ og aðrir botnvörpuhlutir úr járn, ót. a.	
	97	Netjakúlur.	
64	13	Veiðarfæralásar og hringir í herpinætur o. þ. h.	
66	6	Netjakúlur.	
67	5	Blýlóð (sökku).	
76	1	Flugvélar og hlutar til þeirra.	
	2	Skip 250 tonn eða stærri.	
	4	Herpinótabátar.	
84	9	Fiskiönglar.	

Fjármálaráðuneytið, 12. janúar 1949.

Jóhann P. Jósefsson.

Magnús Gíslason.

AUGLÝSING

14

28. jan.

um breyting á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 47 28. febrúar 1947.

Öll gjöld samkvæmt I. kafla gjaldskrárinnar skal heimilt að innheimta með 5% viðauka, þar til annað kynni að verða ákveðið.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 28. janúar 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Gunnl. E. Briem.